

**Námsáætlun fyrir íslensku - 8. bekkur  
skólaárið 2019 – 2020**



**Kennari:** Einar Sveinn Guðmundsson  
**Tímafjöldi:** 6 kennslustundir á viku

Námsþættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
<b>Talað mál, hlustun og áhorf</b>	Nemandi geti <ul style="list-style-type: none"> <li>• flutt mál sitt skýrt og áheyrilega,</li> <li>• tekið virkan þátt í samvinnu og samræðum, tjáð skoðanir sínar og rökstutt þær,</li> <li>• átt góð samskipti þar sem gætt er að máli, hlustun, tillitssemi, virðingu og kurteisi.</li> </ul>	Nemendum er gefið tækifæri á að segja frá eigin reynslu og hugmyndum, taka þátt í umræðum um bókmenntir og kynna verkefni sín. Nemendur fá þjálfun í hlustun. Nemendur lesa reglulega upphátt fyrir kennara.	Þátttaka í umræðum og tímavinnu.
<b>Lestur og bókmenntir</b>	Nemandi geti <ul style="list-style-type: none"> <li>• lesið almenna texta af öryggi og með góðum skilningi, sér til gagns og gamans,</li> <li>• greint og skilið aðal- og aukaatriði í margs konar texta og tengsl efnisatriða; og beitt mismunandi aðferðum við lestur,</li> <li>• lesið, túlkað, metið og fjallað um bókmenntir og gert sér grein fyrir gildi bókmennta,</li> <li>• beitt og skilið nokkur grunnhugtök í bókmenntafræði.</li> </ul>	Lesnir verða fjölbreyttir textar og ljóð ásamt Laxdælu. Unnið verður með bókmenntahugtök. Lesskilningur efldur með markvissum æfingum.	Verkefni og kannanir úr Laxdælu og öðrum textum sem lesnir eru. Lestrardagbók. Lesskilningskannanir. Lesfimiþróf.

<b>Ritun</b>	<p>Nemandi geti</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• skrifað skýrt og greinilega, notað orðabækur og önnur hjálpargögn, gengið frá texta</li> <li>• beitt skipulegum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar,</li> <li>• tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim í rituðu máli,</li> <li>• beitt reglum um réttiritun</li> <li>• valið og skrifað mismunandi textagerðir, notað helstu aðgerðir við ritvinnslu</li> </ul>	<p>Stafsetningarreglur rifjaðar upp og unnið með þær. Ritunaræfingar af ýmsum toga.</p>	<p>Ritunarverkefni. Stafsetningarkannanir.</p>
<b>Málfræði</b>	<p>Nemandi geti</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• beitt helstu málfræðihugtökum,</li> <li>• valið orð í tali og ritun í samræmi við málsnið, gert sér grein fyrir mikilvægi þess að rækta orðaforðann og nýtt reglur um orðmyndun og einingar orða við ritun,</li> <li>• flett upp í handbókum, orðasöfnum og rafrænum orðabókum og nýtt sér málfræðilegar upplýsingar sem þar er að finna,</li> <li>• áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka,</li> </ul>	<p>Einkenni og hlutverk orðflokka. Unnið með orðtök og málshætti.</p>	<p>Verkefni og málfræðikannanir.</p>

	<ul style="list-style-type: none"> <li>• notað fleyg orð, algeng orðtök, málshætti og föst orðasambönd til að auðga mál sitt,</li> <li>• gert sér grein fyrir mismunandi málnotkun og málsniði eftir efni og tilefni.</li> <li>• áttað sig á skyldleika íslensku við önnur tungumál og sífelldan breytileika þeirra.</li> </ul>		
<p><b>Námsgögn:</b> Laxdæla, Áfram Óli (valdar sögur), Finnur 1, Málvísir, Málið í mark – Sagnorð, Orðhákur 1 ,Kveikjur,ljósritað efni, kjörbækur, orðabækur og handbækur.</p>			
<p><b>Lokanámsmat:</b> Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár. Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi með fjórum hæfnitáknum og safna þannig á hæfnikort sitt. Í lok skólaárs verður hæfnin tekin saman og nemendur fá bókstarfseinkunn í lok skólaárs A, B+, B, C+, C, D.</p>			